

48

7. maí

22. gr.

Með samþykkt þeirri, er um getur í 9. gr., má setja nánari reglur um sjerhvert atriði í stjórn bæjarins samkvæmt grundvallarreglum þessara laga, þar á meðal ákveða sektir fyrir brot á þeim.

23. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúarmánaðar 1929. Gerir stjórnarráðið ráðstafanir til, að þau komist þá þegar til framkvæmda.

Á k v æ ð i u m s t u n d a r s a k i r .

Sýslunefnd Suður-Múlasýslu annarsvegar og bæjarstjórn Neskaupstaðar hinsvegar gera með sjer samning um skifti á eignum og skuldum sýslusjóðs. Rísi nokkur ágreiningur um þau skifti, sker stjórnarráðið úr.

Eftir þessu eiga allir hlutaðeigendur sjer að hegða.

*Gefið á Sorgenfrihöll, 7. maí 1928.*

Undir Vorri konunglegu hendi og innsigli.

**Christian R.**

(L. S.)

*Tryggvi Þórhallsson.*

49

7. maí

L Ö G

um

**stofnun síldarbræðslustöðva.**

Vjer Christian hinn Tíundi, af guðs náð konungur Íslands og Danmerkur, Vinda og Gauta, hertogi í Sljesvík, Holtsetalandi, Stórmæri, Þjettmerski, Láenborg og Aldinborg.

*G j ö r u m k u n n u g t:* Alþingi hefir fallist á lög þessi og Vjer staðfest þau með samþykki Voru:

1. gr.

Ríkisstjórninni er heimilt að stofna og starfrækja, eða láta starfrækja, síldarbræðslustöðvar á Norðurlandi og annarsstaðar, þar sem hentast þykir.

## 2. gr.

49

7. maí

Nú verður síldarbræðslustöð gerð á kostnað ríkissjóðs, og er ríkisstjórninni þá heimilt að selja hana samlagi eða samvinnufjelagi síldveiðimanna, ef slíkur fjelagsskapur æskir kaupanna og setur tryggingar, er ríkisstjórnin tekur gildar, enda hafi báðar deildir Alþingis lagt samþykki sitt á sölu.

## 3. gr.

Til greiðslu kostnaðar, er leiðir af fyrirmælum 1. greinar, er ríkisstjórninni heimilt að taka lán fyrir hönd ríkissjóðs, alt að 1 miljón króna, er greiðist af tekjum stofnananna á næstu 25 árum.

## 4. gr.

Rekstri stofnananna skal hagað eftir reglugerð, er stjórnarráðið setur.

## 5. gr.

Lög þessi öðlast gildi þegar í stað.

Á kvæði um stundarsakir.

Meðan byggingu síldarbræðslustöðva verður ekki við komið, heimilast stjórninni að taka síldarbræðslustöð á leigu og starfrækja hana á kostnað ríkissjóðs, ef kostur er á með viðunandi kjörum.

Eftir þessu eiga allir hlutaðeigendur sjer að hegða.

*Gefið á Sorgenfrihöll, 7. maí 1928.*

Undir Vorri konunglegu hendi og innsigli.

**Christian R.**

(L. S.)

---

*Tryggvi Þórhallsson.*